

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 510/2013

2014/EES/4/22

frá 3. júní 2013

um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á járnnoxíðum og járnhýdroxíðum (E 172), hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) og pólýsorbötum (E 432-436) til að merkja tiltekin aldin (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 9. gr. (2. mgr.), 10. gr. (3. mgr.) og 30. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er mælt fyrir um virkniflokka matvælaaukefna í matvæli og matvælaaukefna í aukefni í matvæli og ensím í matvæli.
- 2) Ef nauðsyn krefur, vegna framfara á sviði vísinda eða tæknipróunar, má bæta fleiri virkniflokkum við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 3) Rannsóknir og þróun hafa leitt í ljós að þegar járnnoxíð og járnhýdroxíð (E 172) eru borin á yfirborð aldina eða grænmetis, eftir að litarefni hafa verið fjarlægð úr tilteknum hlutum þeirra (t.d. með leysigeislameðhöndlun), draga þau fram andstæðurnar á milli þessara hluta og annarra yfirborðshluta með því að víxlverka á tiltekna losaða efnisþætti yfirhúðarinnar. Hægt er að nota þessi áhrif til að merkja aldin eða grænmeti. Því er viðeigandi að bæta nýjum virkniflokki, „andstæðuaukar“ (e. *contrast enhancer*), við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 4) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 5) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, bragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 4.6.2013, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

- 6) Breyta má þessum skráum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>.
- 7) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 8) Umsókn um leyfi fyrir notkun á járnnoxíðum og járnhýdroxíðum (E 172) sem andstæðuaukum, hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) sem húðunarefni til óafmáanlegrar merkingar á tilteknum aldinum og pólýsorbötum (E 432-436) sem ýruefnum í andstæðuaukablöndunni var lögð fram 8. apríl 2011 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 9) Þróuð hefur verið ný merkingatækni þar sem notaður er koltvísýringsleysir til að æta upplýsingar á yfirborð ferskra aldina. Vegna beinnar fjarlægingar á litarefnum með leysigeisla myndast auðkennandi merki á yfirborðinu á sumum matvælum en á öðrum ekki. Af þeim sökum er tæknileg þörf á því að nota járnnoxíð og járnhýdroxíð (E 172) sem andstæðuauka, hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) sem húðunarefni og pólýsorbata (E 432-436) sem ýruefni í andstæðuaukablöndunni til að styrkja andstæðurnar og gera það kleift að merkja tiltekin aldin á óafmáanlegan hátt. Járnnoxíð og járnhýdroxíð (E 172) skapa fullnægjandi andstæður á milli merktra flata og annarra yfirborðsflata á aldinunum, hýdroxýprópylmetýlsellulósi (E 464) myndar þunna hlífðarfilmu yfir merktu fletina og pólýsorböt (E 432-436) gera það að verkum að matvælaaukefnablandan dreifist jafnt yfir merkta fleti matvælaanna.
- 10) Notkun matvælaaukefna ætti að fylgja kostir og ávinningur fyrir neytendur. Nota má nýju merkingartæknina til að endurtaka þær upplýsingar, í heild eða að hluta til, sem skylda er að gefa upp samkvæmt löggjöf Sambandsins eða löggjöf aðildarríkjanna. Auk þess geta neytendur notið góðs af notkun nýju merkingartækninnar þegar sérheiti og framleiðsluauðferð er miðlað valkvætt.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

- 11) Ennfremur getur ný tækni til óafmáanlegra merkinga verið valkostur við fjarlægjanlega pappírslímiða, sem eru sem stendur í notkun, og takmarkað áhættu á að matvæli tynist, þeim sé ruglað saman eða skipt út fyrir önnur og þannig auðveldað flutning og geymslu viðkomandi aldina. Í þeim tilgangi getur einnig verið gagnlegt að tilgreina PLU-kóða (auðkennisnúmer sem stjórnendur matvælaafyrirtækja nota til að auðvelda vöruafgreiðslu og eftirlit með vörubirgðum), QR-kóða (e. *QR-code*) (fylkisstrikamerki (e. *matrix barcode*) sem gerir kleift að skanna kóðaðar upplýsingar mjög hratt) og strikamerki. Því þykir rétt að leyfa slíkar upplýsingar á tilteknum aldinum.
- 12) Nota skal járnoxíð og járnhýdroxíð (E 172), hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) og pólýsorböt (E 432–436) í litlu magni og einungis á ytri hluta aldinanna og ekki er gert ráð fyrir að þau gangi langt inn í innri hluta þeirra. Af þessum sökum er ekki líklegt að meðhöndlun aldina með hýði, sem ekki er almennt neytt, hafi áhrif á heilbrigði manna. Því er rétt að leyfa einungis notkun járnnoxíða og járnhýdroxíða (E 172) og hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) til merkinga á sítrúsavöxtum, melónum og granateplum og pólýsorbata (E 432–436) til notkunar í andstæðuaukablöndur.
- 13) Vísindanefndin um matvæli lagði síðast mat á járnnoxíð og járnhýdroxíð (E 172) árið 1975 <sup>(3)</sup>. Sýnt var fram á að einungis voru líkur á að 1% járnnoxíða og vatnaðra járnnoxíða myndu leysast upp í meltingarvegi manna og því fastsetti nefndin ásættanlega, daglega inntöku án þess að tilgreina efri mörk. Vísindanefndin um matvæli lagði síðast mat á hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) árið 1992 <sup>(4)</sup>. Ásættanleg, dagleg inntaka fyrir þann efnaflokk var ákvörðuð sem „ekki tilgreind“ fyrir fimm af umbreyttu sellulósunum. Árið 1983 ákvarðaði nefndin að gildi ásættanlegrar, daglegrar inntöku fyrir flokk pólýsorbata (E 432–436) væri 10 mg/kg líkamspýngdar á dag <sup>(5)</sup>. Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu <sup>(6)</sup> var komist að þeirri niðurstöðu að þörf gæti verið á raunhæfara mati á innteknu magni pólýsorbata (E 432–436) sem byggðist á raunverulegri notkun matvælaaukefnanna. Þess er vænst að Matvælaöryggisstofnun Evrópu framkvæmi þetta mat á innteknu magni meðan endurmat fyrir pólýsorböt (E 432–436) stendur yfir, fyrir árslok 2016 eins og gert er ráð fyrir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 <sup>(7)</sup>. Þangað til skal möguleg rýmkun á notkun einungis skoðuð þegar um er að ræða vörur með óverulegt framlag til inntekins heildarmagns af þessum efnum.
- 14) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópu-
- sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, geti haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun járnnoxíða og járnhýdroxíða (E 172) og hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) til merkinga á sítrúsavöxtum, melónum og granateplum og pólýsorbata (E 432–436) til notkunar í andstæðuaukablöndur telst vera uppfærsla á þessum skrá, sem ólíklegt er að geti haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 15) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum <sup>(8)</sup> gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun járnnoxíða og járnhýdroxíða (E 172) og hýdroxýprópylmetýlsellulósa (E 464) til að merkja tiltekin aldin fyrir þá dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þessi matvælaaukefni.
- 16) Því ber að breyta I., II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(3)</sup> [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_01.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_01.pdf)

<sup>(4)</sup> [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_32.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf)

<sup>(5)</sup> [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_15.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_15.pdf)

<sup>(6)</sup> COM(2001) 542, lokagerð.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 19.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Forseti.*

José Manuel BARROSO

---

VÍÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla 27 bætist við í I. viðauka:

„27. „andstæðuaukar“: efni sem, þegar þau eru borin á yfirborð aldina eða grænmetis eftir að litarefni hafa verið fjarlægð úr fyrirframskilgreindum hlutum þeirra (i.d. með leysigeislameðhöndlun), gera það kleift að aðgreina þá hluta frá öðrum hlutum yfirborðsins með því að gefa lit eftir vaxiverkun við tiltekna efnisþætti yfirborðarinnar.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Á eftir færslunni fyrir E 170 í 3. lið B-hluta „Aukefni önnur en litarefni og setuefni“ bætist eftirfarandi færsla við:

„E 172	Járnoxíð og -hýdroxíð“
--------	------------------------

b) Í E-hluta er matvælaflökknum 04.1.1., „Heil fersk aldin og grænmeti“ breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færsla E 172 bætist við á undan færslunni fyrir E 200–203:

„E 172	Járnoxíð og -hýdroxíð	6	Einingis sem andstæðuauki til að merkja sítrusávesti, melónur og granatepli til að:	Gildistími: Frá 24. júní 2013.“
			<ul style="list-style-type: none"> <li>– endurtaka þær upplýsingar, í heild eða að hluta til, sem skylda er að gefa upp samkvæmt löggjöf Sambandsins og/eða landslögum,</li> <li>og/eða</li> <li>– miðla valkvætt sérheiti, framleiðsluáðferð, PLU-kóða, QR-kóða og/eða stríkamerki</li> </ul>	

ii. Eftirfarandi færsla E 464 bætist við á eftir færslunni fyrir E 445:

„E 464	Hýdroxýprópylmetýlselulósi	10	einingis fyrir sítrusávesti, melónur og granatepli til að:	Gildistími: Frá 24. júní 2013.“
			<ul style="list-style-type: none"> <li>– endurtaka þær upplýsingar, í heild eða að hluta til, sem skylda er að gefa upp samkvæmt löggjöf Sambandsins og/eða landslögum,</li> <li>og/eða</li> <li>– miðla valkvætt sérheiti, framleiðsluáðferð, PLU-kóða, QR-kóða og/eða stríkamerki</li> </ul>	

3) Í stað færslunnar fyrir „E 432–E 436“ í 2. hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„E 432–436	Pólýsorbót	<i>eftir þörfum</i>	Blöndur af litarefnum, andstæðuaukum, fituleysanlegum þrávarnarefnum og húðunarefnum fyrir aldin“
------------	------------	---------------------	---